

Lagabreytingartillaga 1

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur leggur fram eftirfarandi breytingatillögu á 6 gr. laga ÍHÍ.

Rökstuðningur: Fyrir hreyfingu sem er í samkeppni við aðrar hópíþróttir um iðkendur og íþrótt sem þarf að stækka og eflast þá er of lítið að Íshökkíþing komi saman hálfan dag á tveggja ára fresti. Ef það á að ná árangri, geta rætt og leyst vandamál, skiptast á skoðunum og þróa íþróttina áfram þarf að halda Íshökkíþing á hverju ári. Það er hægt að hafa möguleikann á að hafa rafrænan fund annað hvert ár þegar ekki er kosið til stjórnar.

6. grein verði eftir breytingu sem hér segir (breyting í bold og undirstrikuð):

6. gr.

Íshökkíþing fer með æðsta vald í málefnum ÍHÍ og skal það haldið **á hverju ári** á tímabilinu 1. mars til 31. maí. **Heimilt er að halda rafrænt þing annað hvert ár.** Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda ÍHÍ.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir fjölda keppnisflokka sem tekið hefur þátt í Íslandsmótum á næsta heila tímabili á undan.

a) Fyrir hvert keppnislið í meistaraflokki karla og kvenna koma 2 fulltrúar.

b) Fyrir hvert keppnislið í 1. til 7. flokki kemur 1 fulltrúi.

c) Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur íshokki innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á einum fulltrúa sem hefur málfrelsi og tillögurétt, á sérsambandsþing til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags.

Íshökkíþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn ÍHÍ minnst þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Afrit af bæði fyrra og seinna fundarboði skal sent aðildarfélögum ÍHÍ. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Íshökkíþing er lögmeitt ef löglega hefur verið til þess boðað.

10. grein verði eftir breytingu sem hér segir (breyting í bold og undirstrikuð):

10. gr.

Stjórn ÍHÍ skal skipuð 5 aðilum **sem kosnir eru til tveggja ára**. Kjósa skal í bundinni kosningu, fyrst formann og síðan aðra stjórnaraðila. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Kjósa skal 3 aðila í varastjórn ÍHÍ **sem kosnir eru til tveggja ára**. Tilkynningar um framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu ÍHÍ eigi síðar en 2 vikum fyrir Íshökkíþing. Stjórn ÍHÍ er heimilt að framlengja framboðsfrest um eina viku. Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍHÍ geta ekki jafnhliða setið í stjórn íshökkídeilda aðildarfélaga.

Lagabreytingartillaga 2

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur leggur fram eftirfarandi breytingatillögu á 13 gr. laga ÍHÍ ef reglugerðarbreyting á 6. gr. og 10. gr. (tillaga 1) ná ekki fram að ganga:

13. gr. laga ÍHÍ eftir breytingu (breyting í bold og undirstrikuð):

Stjórn ÍHÍ skal í upphafi keppnistímabils, þau ár sem ekki eru haldin Íshökkíþing, boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem aðild eiga að ÍHÍ. Fundurinn skal boðaður, skriflega eða á annan sannarlegan hátt, með tveggja vikna fyrirvara. Hlutverk formannafundar er að staðfesta leikreglur, reglugerðir og vera stjórn ÍHÍ á annan hátt til ráðgjafar. **Leggja skal fram endskoðaða reikninga sambandsins frá síðasta tímabili.** Atkvæðavægi á formannafundi skal vera það sama og á næstliðnu Íshökkíþingi.

Rökstuðningur:

Með þessari breytingu er hægt að hafa betri yfirsýn yfir rekstur sambandsins, tekjur og útgjöld á hverju tímabili fyrir sig.

Lagabreytingartillaga 3

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur leggur fram eftirfarandi breytingatillögu á 8 gr. laga ÍHÍ.

Við leggjum til að hægt bætt verði inn í dagskrá íshökkíþings liðnum „Önnur mál“ þar sem hægt verður að taka fyrir málefni sem þingfulltrúar óska eftir umræðu um.

8. grein verði eftir breytingu sem hér segir (breyting í bold og undirstrikuð):

8. gr.

Dagskrá Íshökkíþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning
2. Kosning 3 aðila kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning 1. og 2. þingritara.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram.
7. Umræður og samþykkt reikninga.
8. Ávarp gesta.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
10. Kosning þingnefnda.
11. Lagabreytingatillögur.
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
14. Þingnefndir starfa.
15. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál.
17. Kosningar:
 - a) Stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein
 - b) Tveir skoðunarmenn reikninga
 - c) Fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttþing ÍSÍ fer fram.

18. Önnur mál.

19. Þingslit.

Allar kosningar skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

Lagabreytingartillaga 4

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur leggur fram eftirfarandi breytingatillögu á 6. tl. 8. gr. laga ÍHÍ.

6. tl. 8. gr. laga ÍHÍ eftir breytingu (breyting í bold og undirstrikuð):

Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram fyrir **síðasta tímabil**

Rökstuðningur:

Í beinu framhaldi af 13. gr. laga ÍHÍ. Með þessari breytingu er hægt að hafa betri yfirsýn yfir rekstur sambandsins, tekjur og útgjöld á hverju tímabili fyrir sig.

Lagabreytingartillaga 5

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur og íshökkídeild Ungmennafélagsins Fjölnis leggja fram eftirfarandi lagabreytingu á 6. gr. laga ÍHÍ.

6. gr. laga ÍHÍ eftir breytingu (breyting í bold og undirstrikuð):

Íshökkíþing fer með æðsta vald í málefnum ÍHÍ og skal það haldið annað hvert ár á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda ÍHÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila ákvarðast af þátttöku félaga í Íslandsmóti á því keppnistímabili sem Íshökkíþing er haldið sem hér segir:

- a) **Fyrir félag, sem spilar í meistaraflokki karla koma 2 fulltrúar**
- b) **Fyrir félag, sem spilar í meistaraflokki kvenna koma 2 fulltrúar**
- c) **Fyrir félag sem spilar í flokki U18 - U20 koma 3 fulltrúar.**
- d) **Fyrir félag sem spilar í flokki U14 - U16 koma 3 fulltrúi.**
- e) **Fyrir félag sem spilar í flokki U8 - U12 koma 3 fulltrúi.**

Hámarksfjöldi fulltrúa hvers aðildarfélags er ellefu (11).

Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur íshökkí innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á einum (1) fulltrúa sem hefur málfrelsi og tillögurétt, á Íshökkíþingi til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags.

Íshökkíþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn ÍHÍ minnst þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Afrit af bæði fyrra og seinna fundarboði skal sent aðildarfélögum ÍHÍ. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Íshökkíþing er lögumætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Rökstuðningur:

Innan íshökkíhreyfingarinnar á Íslandi sbr. ÍHÍ eru þrjú félög sem vinna saman að framgangi íshökkíhreyfingarinnar. Teljast þau öll til stórra félaga innan sambandsins. Ætla má því að þessi félög standi jafnfætis gagnvart hvert öðru þegar kemur að ákvörðunum og framgöngu innan íshökkíhreyfingarinnar en hinsvegar er 6. gr. laga ÍHÍ til þess fallin, í núverandi mynd, að stuðla að valdaójafnvægi, ósanngirni og vanmætti innan samvinnu þessara þriggja félaga.

Einn af mikilvægustu þáttunum til að tryggja góða samvinnu er jafnvægi og jafnræði. Og til að þessi þrjú félög standi jafnfætis í ákvörðunartökum og framgöngu innan íshökkíhreyfingarinnar er nauðsynlegt að breyting verði á því valdaójafnvægi milli þessara félaga sem greinin ber með sér.

Fyrirmynd tillögunar er tekin frá öðrum samböndum sem dæmi KKÍ og HSÍ. Fulltrúafjöldi þessara sambanda eykst eftir stærð og þátttöku í deildum sambandanna, **en aðeins upp að vissu marki**, eða þegar hámarksfjöldi er náð. Með þessu eru uppvaxtarár sambandsfélaga tryggð en þegar uppvexti lýkur og sambandsfélagið orðið aðili að flestum þáttum sambandsins þá hefur það öðlast jafnræði við eldri félög sambandsins. Þessi aðferð er til þess fallin að veita það sem aðilar tillögunar eru að leitast eftir, jafnræði og jafnvægi.

Reglugerðarbreytingartillaga 1

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur leggur til að leggja niður reglugerð nr. 21 „Um tímabundna leikheimild í meistaraflokki kvenna“.

Rökstuðningur:

Þessi reglugerð ætti að vera óþörf miðað við þróunina sem hefur orðið í kvannahokki síðustu ár. Deildin er að jafnast út og leikmönnum að fjölga með tilkomu nýrra kynslóða upp úr yngri flokkunum.

Til vara leggur Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur til að reglugerð nr. 21 verði breytt þannig að hún heiti: „Um tímabundið neyðarlán í meistaraflokki kvenna.“

Rökstuðningur:

Til að skýrt sé að reglugerðin sé eingöngu til þess að bregðast við neyðartilvikum t.d. ef lið geta ekki mannað leiki af leikmönnum vegna meiðsla eða veikinda.

Reglugerðarbreytingartillaga 2

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur leggur til breytingu á reglugerð nr. 10 um leikskýrslur.

Reglugerð ÍHÍ nr. 10 eftir breytingu (breyting í bold og undirstrikuð):

Reglugerð

Um leikskýrslur

1. gr.

Fyrir hvern leik í mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarfélaga þess skal gera leikskýrslu. Form leikskýrslu skal vera byggt á leikskýrslum IIHF. Leikskýrslan skal vera tölvuunnin og fær til nota í miðlægan gagnagrunn ÍHÍ.

2. gr.

Á leikskýrslu skal skrá nöfn allra leikmanna auk þjálfara, liðsstjóra og starfsmanna leiksins.

3. gr.

Fyrir alla leiki í íslandsmóti er heimilt að útfylla leikskýrslur í einriti. En þá skal útbúa 3 afrit fyrir liðin og dómara leiksins. Frumrit skal skannað inn og sent til ÍHÍ eða það afhent eftirlitsdómara eða aðaldómara og skal það hafa borist skrifstofu ÍHÍ innan 24 klst. eftir að leik er lokið.

4. gr.

Sólarhring fyrir leik, eða fyrir hádegi á föstudegi ef leikir fara fram um helgi, skulu forsvarsmenn liða senda inn rétta liðslista sem farið verður yfir og Hydra kerfið uppfært samkvæmt þeim.

Tveimur klukkustundum fyrir leik undirrita forsvarsmenn liða leikskýrslu og samþykkja þar með að þeirra leikmenn séu réttir á skýrslu. Þar með er fresti til breytinga á leikskýrslu lokið.

5. gr.

Verði misbrestur á afhendingu gagna er aganefnd heimilt að sekta hlutaðeigandi aðila um allt að 5.000 kr.

6. gr.

Heimilt er að nota miðlægan varinn gagnagrunn til skráningar og varðveislu á leikskýrslum.

Rökstuðningur

Síðastliðin tímabil hafa þeir aðilar sem sjá um að setja upp leiki í Hydra kerfi talað saman um það að liðslistar og önnur gögn séu að berast þeim mjög seint og illa. Einnig er mikið um að breytingar séu gerðar eftir að liðslistum hefur verið skilað og skýrslur prentaðar út. Það finnst okkur virðingarleysi fyrir tíma sjálfboðaliða sem þurfa oftast en ekki að vinna sömu vinnuna í tvígang vegna þessa. Hafa forsvarsmenn liða bent á það að erfitt sé að finna upplýsingar um reglur varðandi þetta en líklega eru þessar reglur einungis að finna í skjali sem heitir „Hydra leiðbeiningar“ á vef ÍHÍ undir „Skjöl“.

Við leggjum þess vegna til að þessum leiðbeiningum (sama orðalag) verði bætt við reglugerð fyrir leikskýrslur eins og sjá má hér í breytingartillögu að ofan.

Tillaga 1

Íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur leggur fram eftirfarandi beiðni til ÍHÍ

Að greinargóð starfslýsing á starfi framkvæmdastjóra ÍHÍ liggi fyrir og verði send á öll þrjú félögin innan sambandsins áður en næsta keppnistímabil hefst.

Að greinargóð starfslýsing á starfi gjaldkera ÍHÍ liggi fyrir og verði send á öll þrjú félögin innan sambandsins áður en næsta keppnistímabil hefst.

Tillaga 2

Íshokkídeild Skautafélags Reykjavíkur óskar eftir umræðum um störf aganefndar og tilgang hennar.

Vegna ágreinings sem upp hefur komið ítrekað á síðast liðnum keppnistímabilum viljum við ítreka þriðju grein reglugerðar nr. 8 um aganefnd. Þar stendur í annarri setningu að aganefnd geti tekið fyrir þau mál er henni berast og telur ástæður til.

Það hefur komið upp þónokkuð oft að aganefnd vísi málum frá sem send eru til skoðunar á þeim forsendum að ekki sé til atvikaskýrsla frá dómara um tiltekin atvik. Þarna kemur það skýrt fram að heimild sé til þess að taka öll þau mál fyrir sem berast til aganefndar ef nefndarmenn telja ástæðu til.

Okkur finnst eðlilegt að aganefnd setji sér vinnureglur til þess að fara eftir en það er mjög óeðlilegt ef þær stangast á við þær reglugerðir sem íshokkíþing samþykkir í ljósi þess sem stendur í 6. grein laga ÍHÍ að íshokkíþing fari með æðsta vald í málefnum ÍHÍ.

Í yfirlýsingu sem kom á fréttavef Íshokkisambandsins 2. september 2021 fyrir tímabilin 2021-2023 segir „Beiðnum um skoðun aganefndar á atvikum hvort sem þau eru frá félögum eða einstaklingum inn í hreyfingunni verður vísað frá.“

Með þessari yfirlýsingu er gefið í skyn að ekki verði unnið eftir þeirri reglugerð sem íshokkíþing samþykkti 11. maí 2019.

Má segja að bæði fulltrúar aganefndar og stjórnarmenn ÍHÍ hafi brotið gegn 11. grein laga ÍHÍ sem segja í a) lið að helstu störf stjórnar ÍHÍ séu að framkvæma ályktanir og samþykktir íshokkíþings og b) lið að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum ÍHÍ og fyrirmælum íshokkíþings.

Við viljum því hvetja aganefnd til þess að fara eftir 3. grein reglugerðar nr. 8 um aganefnd þar sem stendur að aganefnd geti tekið fyrir önnur mál er henni berast og að aganefnd sé heimilt að gefa málsaðilum kost á munnlegum eða skriflegum málaflutningi ásamt því að leggja fram myndbandsupptökur eða önnur sönnunargögn sem skipt geta máli við mat á viðurlögum.

Það er allra hagur innan íshokkíhreyfingarinnar að aganefnd taki til skoðunar þau brot sem eiga sér stað í kappleikjum og ákvarði viðurlög í þeim tilfellum þar sem leikmenn gerast brotlegir.

Í mörg ár hefur hreyfingin í heild sinni talað fyrir því að gera deildirnar okkar öruggari fyrir leikmennina okkar sem og bæta ímynd okkar út á við. Þegar gróf brot sem klárlega teljast ekki sem partur af leiknum okkar fá að viðgangast gerist hvorugt.

Það er sorglegt að sjá aðar íþróttahreyfingar taka skref fram á við í málefnum eins og höfuðhöggum leikmanna en á sama tíma gerum við lítið sem ekkert til þess að uppræta slíkt í okkar hreyfingu.

Tillaga 3

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur óskar eftir umræðum miðaverð á leiki í Hertz-deild karla og kvenna.

- Það er þörf á að hækka miðaverð, allur kostnaður hefur hækkað en miðaverð hefur staðið í stað í eflaust 10 ár allavega.
- Það kostar 2000 kr. inn á flesta íþróttaleiki í handbolta og körfu sem dæmi
- Væri sniðugt að reyna að ýta fólki í miðaöpp (t.d. Stubb appið) með því að hafa dýrara í hurð og fá þá afslátt með rafrænum miðakaupum en það minnkar vinnu fyrir félögin, færri starfsmenn sem þurfa að vera í hurð og kannski hægt að losna við posa alfarið úr miðasölu.

Tillaga 4

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur óskar eftir umræðum um mótanefnd og mótaskrá

- Er hægt að skoða eitthvað annað kerfi en Google Sheet til að halda utan um og birta mótaskrá?
- Þetta er mjög óaðgengilegt fyrir hin almenna áhugamann um íshokki og foreldra iðkenda. Mjög ónotendavænt að þurfa að opna Google skjal með flipum til að finna tímasetningar á leikjum og mótum tímabilsins.
- Ætti að vera hægt að fara inn á forsiðu ÍHÍ til að sjá dagskrá leikja og móta, eftir flokkum, sem eru framundan á tímabilinu.
- Við upplifum að breytingar séu settar inn í mótaskrá án þess að tilkynna félögum með almenninlegum hætti. Erfitt að þurfa að rýna reglulega í mótaskrá til að skoða hvort breytingar hafa orðið.
- Þarf að skoða skipulag landsliðsæfingabúða? Leikir og æfingabúðir sömu helgar í sömu eða svipuðum aldursflokkum gengur illa upp.
- Er þeim æfingabúðunum dreift jafnt á skautahallirnar?
- Væri betra að skipuleggja landsliðsæfingabúðir og í hvaða höll þær eiga að vera samhliða mótáskránni fyrir tímabilið.

Tillaga 5

Íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur óskar eftir umræðum um fyrirkomulag landsliðsþjálfara allra landsliða

Frekar en að sambandið ráði einn dýran landsliðsþjálfara er ekki frekar hægt að vinna með félögum þremur og ráða inn þrjá landsliðsþjálfara í gegnum þau sem skipta með sér landsliðunum. Nýta afrekspeninga og slagkraft sambandsins til að styrkja og efla þjálfun hjá félögum þremur. Bæta þannig starfið hjá öllum félögum og auka gæði og árangur í hreyfingunni.